
EFNISTAKA VIÐ LJÓSÁ Í REYÐARFIRÐI

Ákvörðun um matsskyldu

Inngangur

Þann 22. nóvember 2016 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Fjarðabyggð um fyrirhugaða efnistöku sveitarfélagsins í sjó við Ljósá í Reyðarfirði, Fjarðabyggð samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 2.03 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Fjarðabyggðar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Greinargerð um fyrirhugaða efnistöku Fjarðabyggðar við Ljósá í Reyðarfirði. Alta, nóvember 2016.

Umsagnir bárust frá:

- Fjarðabyggð með tölvupósti dags. 8. desember 2016.
- Fiskistofu með bréfi dags. 13. desember 2016.
- Hafrannsóknastofnun með bréfi dags. 8. desember 2016.
- Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 4. desember 2016.
- Orkustofnun með bréfi dags. 8. desember 2016.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 6. desember 2016.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 2. og 12. desember 2016.

Fyrirhuguð framkvæmd

Fram kemur að Fjarðabyggð hyggist stækka Mjóeyrarhöfn, í Reyðarfirði, en um er að ræða annan áfanga hafnarinnar. Til að ljúka því verki þarf um 120.000 m³ af jarðefnum til viðbótar þeim 46.000 m³ sem leyfi er fyrir. Um er að ræða mól og sand, í fyllingu. Ráðgert er að framkvæmdir við stækkun hafnarinnar geti hafist í byrjun 2017, þegar fyrir liggja leyfi fyrir nægri efnistöku.

Í greinargerð kemur fram að Fjarðabyggð hafi á síðustu misserum leitað að ákjósanlegum efnistökuáætlunum á hafsbótnei í innanverðum Reyðarfirði til töku á allt að 120.000 m³ efnis. Svæði við Ljósá í Reyðarfirði hefur verið valið sem ákjósanlegt efnistökusvæði m.t.t. takmarkaðra umhverfisáhrifa. Valið byggi m.a. á sérfræðilítili sjávarlíffræðinga, setmælingum, rannsóknum á sjávarlíffræði Reyðarfjarðar og umsögnum sem fyrir liggja vegna fyrri tilkynningar Fjarðabyggðar til Skipulagsstofnunar vegna mögulegrar efnistöku á hafsbótnei í Reyðarfirði. Við undirbúning hafi einnig verið haft beint samráð við nokkra af helstu umsagnaraðilum sem áður komu að málinu þ.e. Fiskistofu, Hafrannsóknarstofnun og Orkustofnun, til að greina helstu umhverfisþætti sem hafa þrfti í huga við val á mögulegum efnistökuáætlunum.

Fram kemur að Ljósá er landsvæði í eigu Fjarðabyggðar við norðanverðan innri Reyðarfjörð. Svæðið er rétt rúma 3 km frá hafnarvæði Reyðarfjarðar og dregur nafn sitt af Ljósá sem renni niður hlíðar Ljósárdals þar sem hún mæti Reyðarfirði í Ljósárósum. Ljósáin sjálf renni undir Norðfjarðarveg. Rúmum 1,5 km austan við ána sé iðnaðarsvæði Alcoa Fjarðaáls. Við Ljósá er malarfjara með linsu af seti sem nái skammt út í fjörðinn. Allt efni sem mögulegt sé að vinna af þessu svæði, liggja innan netlaga. Fyrirhugað er að taka efni úr þessari malarlinsu.



Þá kemur fram að flatarmál efnistökusvæðisins sé 46.500 m², þar af séu um 41.000 m² ofan 24 m dýpis. Áætluð meðalþykkt vinnanlegs sets er 5 m miðað við vinnslu niður á 24 m dýpi. Hámark vinnanlegs sets er áætlað um 200.000 m³ en ráðgert er að taka 120.000 m³. Ráðgert er að efninu verði dælt upp úr efnistökusvæðinu við Ljóseyri með dæluskipi. Þaðan yrði siglt með efnið yfir að Mjóeyrarhöfn þar sem því yrði dælt í landfyllinguna sem myndar annan áfanga stækkunar hafnarinnar. Efnið yrði tekið í fimm áföngum frá Ljóseyri. Vinnslan verði áfangaskipt þar sem efnið þarf að setjast í ákveðinn tíma eftir hvern áfanga, áður en hægt er að leggja næsta lag af efni yfir. Ráðgert er að efnið verði tekið á 18 mánaða tímabili. Í þessu tilfalli sé gert ráð fyrir 4-7 ferðum á sólarhring og megi gera ráð fyrir að vinna við hvern áfanga taki frá 1 til 4 vikur. Dæling efnis fari þannig fram að efni er dælt upp í lest dæluskips með sjó. Efnið er síað í lestinni frá sjónum og verður eftir í dæluskipinu, en sjórinn rennur aftur frá borði. Í sjónum verður því nokkuð magn finna efnis (silt, leðja) í sviflausn sem mun mynda gruggfleck við skipið þegar það skilar sér aftur til baka í sjóinn. Gruggið er í breytilegri kornstærð allt eftir gerð efnis sem dælt er upp. Það ráðist af stærð og þyngd korna og straums sjávar hversu langt gruggið getur borist og hversu hratt það botnfalli. Efnistakan við Ljósá verður á seti sem liggja á klapparsillu við ströndina. Þar fyrir framan sé nokkuð brött hlíð. Efni verði unnið inn í setlagastaflann, þannig að við efnistöku verði til gil í setbakkannum. Efni sem losnar við efnistöku og yrði ekki dælt upp, myndi því renna niður bakkann og setjast á botn fjarðarins í kringum efnistökusvæðið.

Í umsögn Orkuskiptunar kemur fram að Fjarðabyggð hafi afmarkað efnistökusvæðið út af mynni Ljósár á fullnægjandi hátt. Flokkun strandgerða í innanverðum Reyðarfirði sé mikilvæg viðbót sem muni nýtast á bæði líf- og jarðfræðilegum forsendum. Gerð hafi verið fullnægjandi grein fyrir áhrifum efnistökkunnar á ströndina við Ljósá.

Umhverfisáhrif

Í greinargerð Fjarðabyggðar er fjallað um áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á botndýralíf, sjóbleikju, menningarminjar og landbrot.

Botndýralíf.

Fram kemur að fyrirliggjandi upplýsingar um samfélög sem lifi í Reyðarfirði bendi til þess að þar sé einkum um að ræða algengar tegundir. Útbreiðsla samfélaga botndýra í innri Reyðarfirði sýni einnig að samfélögin séu svipuð í innanverðum Reyðarfirði öllum og ekkert svæði skeri sig þar úr sérstaklega, á því svæði sem hafi verið rannsakað. Botndýr hafi verið rannsökuð rétt við Ljósá.

Samkvæmt rannsókn Hafrannsóknarstofnunar þá einkennist lífríkið við Ljósá af botndýrum sem lifi á sandbotni. Svæðið sé nokkuð einsleitt og þar sé hvorki búsvæði né einstakar botndýrategundir sem þarfnist verndar. Yfirlit sem sýni strandgerðir við innanverðan Reyðarfjörð, sýni að víða megi finna sömu eða svipaða strandgerð og fyrir framan Ljósá. Það styðji enn við það mat að strand- eða búsvæðið í sjó við Ljósá, sé ekki einstakt fyrir innanverðan Reyðarfjörð. Takmörkun fyrirhugaðrar efnistöku við eins lítið yfirborð og raun ber vitni mun einnig leiða til þess að hlutfallslega litlu búsvæði þessarar gerðar verði raskað í firðinum. Dæling efnis muni raska lífríki á sjávarbotninum þar sem efnistakan muni fara fram. Efnistaka á fyrirhuguðu efnistökusvæði við Ljósá muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif á botndýralíf og búsvæði í innanverðum Reyðarfirði. Engir kalkþörungar hafi fundist við Ljósá. Flatfiskaseiði haldi sig einkum í leir- og sandfjörum og sæki einnig í ósasvæði á mörkum ferskvatns og sjávar. Strandlengjan í innri hluta Reyðarfjarðar hafi verið kortlögð og flokkuð skv. ábendingum Hafrannsóknarstofnunar. Þar sjáist að sömu strandgerð og við Ljósá er víða að finna í innanverðum Reyðarfirði og því víða að finna svipuð búsvæði og þar. Skoðun á strandgerðinni og seti við Ljósá sýni einnig að efnið þar sé fremur malarkennt (60% af efninu), en sandur sé um 30% og enginn leir. Þess beri einnig að geta að afar lítið rennsli sé í Ljósá. Samkvæmt ofangreindu þá virðist setið við Ljósá ekki vera ákjósanlegt búsvæði fyrir flatfiskaseiði. Kortlagning á strandlengjunni sýni einnig að fleiri búsvæði svipaðs eðlis og Ljósá sé víða að finna við innanverðan



Reyðarfjörð. Því sé talið ólíklegt að efnistaka við Ljósá muni hafa umtalsverð áhrif á mikilvæg búsvæði flatfiskaseiða.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að samkvæmt greinargerð sé lífríki fjörunnar einsleitt og að líklega sé svæðið ekki mikilvægt fyrir ungvíði nytjastofna. Umhverfisstofnun telur til fyrirmyndar að framkvæmdaraðili hafi á undirbúningstíma framkvæmdarinnar brugðist við ábendingum fagstofnana. Efnistökusvæðið hafi verið minnkað í samræmi við ábendingar Hafrannsóknarstofnunar til að draga úr neikvæðum áhrifum á lífríki. Samkvæmt ábendingum Vegagerðarinnar var efnistökusvæðið einnig fært til þess að minnka hættu á landbroti. Umhverfisstofnun telur að með því að haga framkvæmdinni í samræmi við ofagnreindar ábendingar verði dregið verulega úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á lífríki og fjöru við Ljósá.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Umhverfisstofnun telur að nota eigi þau vinnubrögð sem hér hefur verið beitt til að meta framtíðarmöguleika á efnistöku í Reyðarfirði m.t.t. þess að hér er ekki um endurnýjanlega auðlind að ræða sem beri að nýta með eins litlum neikvæðum umhverfisáhrifum og kostur er og jafnframt verði hugað að verndargildi óraskaðra strandsvæða í Reyðarfirði.

Sjóbleikja.

Fram kemur að Ljósá sé vatnslítill og samkvæmt heimildum frá heimamönnum er hún ekki fiskgeng samkvæmt. Fyrirhuguð efnistaka við Ljósá sé því ekki talin hafa umtalsverð áhrif á sjóbleikjustofninn í Reyðarfirði.

Menningarminjar.

Í greinargerð Fjarðabyggðar kemur fram að Minjastofnun Íslands hafi áður bent á að svæðin hafi ekki verið könnuð í þeim tilgangi að leita að fornleifum og því sé ekki ómögulegt að fornleifar séu þar að finna. Samkvæmt lögum um menningarminjar beri að stöðva framkvæmd án tafar ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd. Óheimilt sé að halda framkvæmdum áfram nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Fram kemur að brugðist verði við samkvæmt leiðbeiningum Minjastofnunar Íslands, verði fornminja eða annarra menningarverðmæta vart við efnistöku.

Landbrot.

Fram kemur að Siglingasvið Vegagerðarinnar hafi verið fengið til að meta hættu á rofi og mögulegu landbroti í kjölfarið. Vegagerðin lagði mat á þær breytingar sem geti átt sér stað á ströndinni við fyrirhugað efnistökusvæði eftir efnistöku. Við mat á áhrifum breytinga við efnistöku var skoðað svokallað krítískt dýpi, sem má segja að séu mörk þess svæðis sem breytist mest milli árstíða. Viðmiðunarmörkin voru sett við dýpi sem er tvöföld eins árs ölduhæðin upp við ströndina á efnistökusvæðinu. Miðað við viðmiðunarmörk sem sett voru, lagði Vegagerðin til að efnistökusvæðinu yrði breytt lítillega og það fært fjær landi á stuttum kafla. Framkvæmdaraðili fór að þessum ábendingum og endurskoðað og stærra efnistökusvæði hafi þá verið skilgreint, með það að leiðarljósi að fara ekki nær ströndu en þar sem dýpi sé minna en tvöföld 1 árs ölduhæð. Það sé svæðið sem hér sé lögð fram tillaga um í þessari tilkynningu. Öldusveigjan var reiknuð aftur fyrir þetta endurskoðaða efnistökusvæði og að því breyttu taldi Vegagerðin hættu á rofi strandarinnar vera í lágmarki.

Skipulag og leyfisveitingar

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Fjarðabyggðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012. Einnig starfsleyfi



Heilbrigðiseftirlits Austurlands samkvæmt reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Þá þarf að kanna hvort framkvæmdin sé háð leyfi Fiskistofu.

Niðurstaða

Um er að ræða 120.000 m³ efnistöku úr sjó við Ljósá í Reyðarfirði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2.03 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að áhrif á þær jarðmyndanir sem verði nýttar verði varanleg og verulega neikvæð. Áhrif á samfélög botndýra verði nokkuð neikvæð en þó ber að geta þess að þær rannsóknir sem lagt var í við undirbúning framkvæmdanna geri það að verkum að tekist hafi að afla nauðsynlegra upplýsinga um verndargildi þeirra og hversu algeng þau eru. Um sé að ræða fremur algenga tegund botns í innanverðum Reyðarfirði sem sé malarkenndur og ekki hentugur fyrir flatfiska. Þá hafi svæðið verið afmarkað fremur þröngt og því verði neikvæð áhrif efnistökkunnar ekki mikil.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Fjarðabyggðar við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð efnistaka við Ljósá í Reyðarfirði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Er þá vísað til þess að eðlis framkvæmdanna sbr. tölulið 1 í 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum. Þar sem tekist hefur að draga úr umfanginu með undirbúningsrannsóknnum er sammögnun áhrifa hverfandi. Auðlindin í innanverðum Reyðarfirði hefur verið kortlögð og nýtingarsvæðið afmarkað þröngt til að takmarka áhrif framkvæmdarinnar. Úrgangsmýndun er fyrst og fremst tímabundin þar sem grugg af fínefnum skolast úr dæluskipi á vinnslutíma og engin varanleg mengun fylgir vinnslunni

Sama gildir um ónæði sem verður eingöngu á þeim tíma sem framkvæmdir standa. Þá er staðsetning efnistökkunnar, sbr. tölulið 2 í 2. viðauka laganna, þannig að ekki er um að ræða svæði sem njóti verndar eða nábyli við viðkvæm svæði sem ætla má að álagsþol skerðist vegna starfseminnar. Neikvæðustu áhrifin eru varanleg á auðlind sem er ekki endurnýjanleg sbr. tölulið 2 ii í 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum.

Eiginleikar áhrifanna eru ekki taldir verulegir hvort sem um er að ræða umfang, stærð, fjölbreytileika og sammögnun þeirra sbr. tölulið 3 í 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Fjarðabyggð og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 6. febrúar 2017.

Reykjavík, 2. janúar 2017.

Hólmfríður Bjarnadóttir

Sigurður Ásbjörnsson